Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréf og skjöl fátækramála. 1847-1893

Aðfnr. 1016, örk 22

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19/3

svar. sýslum. 23/3. 1886

E.Th.J.

Um leið og eg hérmeð sendi Yður, herra bæjar-fógeti hjálagt bréf frá oddvitanum í Kolbeinstaða hrepp viðvíkjandi skuldum hrepps þessa til Reykjavíkur fátækrasjóðs, leyfi eg mér jafnframt að bera undir Yður, hvert hérvið skuli látið sitja í bráð.

Skrifstofu Snæfellsness og Hnappadalssýslu
Stykkishólmi þann 11. Marz 1886

Sigurðr Jónsson

Til
Bæjarfógetans í Reykjavík.

Spp 176/86

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptir að hafa meðtekið bréf yðar af 23. janúar s. l. hvar í þér skorið á mig að hafa borgað til yðar 86 kr 50 aura um an 14 daga. þá skal yður hérmeð skýrt frá að 2. þ. m. hef jeg borgað Bæjarfógetanum í Reykjavík 40 kr. af þeim aður nefndu 86 kr 50 aur sem Jon Jónss tómthúsmaður fjekk lánaðar af fátækrasjóði Reykjavíkur, veturinn 1883.-4.

Enn fremur skal jeg hérmeð skýra yður frá, að 6. þ. m. hef jeg skrifað Bæarfógetanum í Reykjavík, og beðist að meiga borga honum það sem eptir stendur, við einhverja verzlun í Reykjavík á næsta sumri.

Og sömu sammniga hef jeg beðið um við viðkjandi skuldar Ragnhildar Gísladóttir, og hef jeg fasta von um að það gangi vel fyrir sig.

Adk 176/86 ff

Jörfa 8. februar 1886

Þorbergur Hjaltested.

Til
Sýslumannsins í Snæfellsness og Hnappadalssýslu
í Stykkishólmi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**Bæjarfógetinn í Reykjavík**

h. 6 d. januar mán. 1887

Eins og medfylgjandi reikningur sýnir, hefir Kristján Andrjesson sem er sveitlægur (sveitlæg) í Hraun hreppi í Mýra sýslu, þegid styrk (medgjöf) úr fátækrasjódi Reykjavikur ad upphæd: 6 kr. „ a., er eg hérmed leyfi mér ad krefjast, ad verdi endurgoldid nefndum fátækrasjódi sem fyrst. Lífshlaup hans fylgir hjer med

Halldór Daníelsson

Til

Oddvita hreppsnefndar Hraunhrepps

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Svarfhóli h. 14. janúar 1887

Herra verzlunarstjóri Guðbr. Finnbogason
Reykjavík

Jeg leifi mjer að rita yður nokkrar línur viðvíkjandi Bjarna nokkrum Guðmundssyni sem nú dvelur í Reykjavík með konu sinni Helgu Þorláksdóttir, eiga þau hjer í hreppi framfærslurjett, en fóru í haust er leið suður úr kaupavinnu þó mót vilja hreppsnefndarinnar, og eptir brjefi sem jeg hef nýlega fengið frá þeim, hafa þau misst annað eða bæði legið rúmföst, síðan suður kom, og sjá sig nú þegar alveg bjargarlaus, og jafnframt óska eptir að hreppsnefndin hjer sendi þeim styrk af sveitarfje hið fyrsta; nú með því hjer er ekkert fyrirliggjandi, af sveitarfje, og síst

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þannig að sent yrði til þeirra um
þetta leiti, þá vil jeg hjermeð biðja
yður að gjöra svo vel og lána
Stafholtstungnahreppi 20 krónur
í nauðsynjavöru handa fyrnefndum
Bjarna uppá ábyrgð hreppsnefnd-
arinnar, að það verði borgað til
yðar með vörum á næstu verkauptíð
(á Brákarpolli) og getið þjer annað-
hvert skrifað það í minn reikning
eða sjerstakan reikning til hrepps-
ins. Ef þjer gjörið svo vel og lána
þetta umbeðna, sem jeg treisti yður
til.

Virðingarfyllst
yðar
Björn Ásmundsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reikningur

Til Bæjarstjórnarinnar í Reykjavík

fyrir Fatnað handa þurfamanni Árna Kristjánssyni á Hlíðarhúsum og Börnum hans

| | | |
|---|---|---|
| ágúst 27. | Yfirhöfn 2 kr 50 - Kjóll og Skyrta 75 a Buxur og Treyja 1: 25 - | 4 kr 50 |
| | Nýr Kjóll 3 kr 50 Skyrta ný 1 kr - ullarbolur 1 kr | 5 " 50 |
| | Nýar Karlmanns nærbuxur og Skyrta | 5 " |
| | Ný milliskyrta | 2 " |
| | Samlagt. | 17 kr |

Reykjavík 30 Ágúst 1887

Ólafur Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með leyfi eg mér að bera upp þá spurningu til hr. bæjarfógetans, hvort að mér muni ekki vera leyfilegt (eða það í nokkru koma í bága við lög þar viðvíkjandi) að dvelja hér í bænum næstkomandi ár, nfl. frá 14 maí næstkomandi, án þess að kaupa lausamanns bréf. Jeg hef í hyggju að fást við járnsmíðar enda þótt að ég af vissum ástæðum ekki hafi getað tekið sveins bréf í iðn minni. Aptur á móti undirgengst ég að gjalda til allra stétta eptir því sem lögin ákveða.

Virðingarfyllst

Reykjavík 2. maí 1887.

Sveinn Brynjólfsson

Til
Bæjarfógetans í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur